



Borgarnesi 27.03 2008

Alþingi menntamálanefnd
b.t. Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1960
komudagur 1-4.2008*

Efni; Þingsályktun um stofun háskóla­seturs á Akranesi

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis dagsett 4. mars s.l. barst sveitarfélaginu Borgarbyggð til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnun háskóla­seturs á Akranesi.

Byggðarráð Borgarbyggðar tekur undir sjónarmið flutningsmanna um mikilvægi þess að stofnað verði háskóla­setur á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar. Þá bendir byggðarráð á, að í Vaxtarsamningi Vesturlands er lögð áhersla á að stofnað verði þekkingarsetur á Akranesi þar sem áður nefndar atvinnugreinar verða í fyrirrúmi. Borgarbyggð er meðal stofnaðila vaxtarsamningsins og því lítur byggðarráð svo á að mikilvægt sé að hrinda í framkvæmd þeim áhersluatriðum sem þar eru sett fram og stuðla eiga að því að gera Vesturland að vænlegum búsetukosti.

f.h. byggðarráðs Borgarbyggðar

Páll S. Brynjarsson
sveitarstjóri

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2010
komudagur 3.4. 2008


Akureyri 3. apríl 2008


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um stofnun háskólaáseturs á Akranesi**, 344. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/1839
komudagur 18.3.2008

Efni:

Umsögn um þingskjal 580 - 344. mál; tillaga til þingsályktunar um stofnun háskóla á Akranesi.

F.h. Fjölbrautaskóla Vesturlands vil ég lýsa yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um stofnun háskóla á Akranesi. Ég tek undir þau rök sem sett eru fram í greinargerð með tillögunni um mikilvægi háskóla á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar. Ég tel að slík stofnun muni styrkja Fjölbrautaskóla Vesturlands sem og iðnfyrirtæki í nágrenni skólans.

Akranesi 17. mars 2008



Hörður Ó. Helgason, skólameistari



Alþingi
Erindi nr. **P** 135/2008
komudagur 9.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2008

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun háskóla á Selfossi, 343. mál og tillaga til þingsályktunar um stofnun háskóla á Akranesi, 344. mál.

Háskóla Íslands hafa borist framangreindar þingsályktanir til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir við þær.

Tekið er undir þau almennu sjónarmið um gildi menntunar sem sett eru fram í greinargerðum með tillögunum og nauðsyn þess að bæta aðgengi að háskólamenntun og auka rannsóknir á svæðunum. Hlutfall háskólamenntaðs fólks er mun lægra utan höfuðborgarsvæðisins en þar og fjölbreytni í atvinnulífi minni. Hvorki Vesturland né Suðurland hafa hingað til fengið stuðning til að koma upp þekkingarsetri líkt og Vestfirðir, Norðurland, Norðausturland, Austurland hafa fengið - og nú síðast Vestmannaeyjar (þessi setur eru flest nefnd þekkingarsetur, en á Vestfjörðum háskóla setur). Háskóli Íslands hefur stutt dyggilega við þekkingarsetrin sem nú starfa og mundi einnig gera það á Vesturlandi og Suðurlandi. Þekkingarsetrin eru mikilvægir samstarfsaðilar fræðasetra Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands.

Eins og greint er frá hér að neðan er Háskóli Íslands þegar með allmikla starfsemi á svæðunum sem um ræðir. Sérstaklega á þetta við um Suðurland þar sem Háskólinn er nú, í samvinnu við aðra, m.a. Landbúnaðarháskólann og Landgræðsluna, að vinna að því að efla háskólastarfsemi og mundi fagna auknum stuðningi við það starf.

Lögð er áhersla á að starfsemi þekkingarsetra verði ekki bundin einu sveitarfélagi eða byggðarkjarna, heldur nái til svæðisins alls og er bent á starfsemi þekkingarnets Austurlands sem góða fyrirmynd hvað það varðar.

Háskóli Íslands hefur einnig á undanförunum árum aukið fjarkennslu og hyggst halda því áfram og stór hluti nemanda Kennaraháskóla Íslands sem sameinast Háskóla Íslands 1. júlí 2008 er í fjarnámi. Þekkingarsetur eru þýðingarmikill samstarfsaðili háskóla í uppbyggingu fjarkennslu og gera Háskóla Íslands auðveldara að bjóða upp á fjarkennslu úti á landi.

Hins vegar er á það bent – og lögð á það rík áhersla - að háskólastarfsemi lýtur ákveðnum forsendum sem nauðsynlegt er að uppfylla ef standa á vel að verki.

Ljóst er að tryggja verður eins og frekast er kostur gæði æðri menntunar og rannsókna nemendum og samfélaginu öllu til ávinnings og jafnframt til þess að íslenskir háskólar og íslenska háskólakerfið í heild standist samanburð við erlenda háskóla og skilyrði alþjóðlegra samninga og yfirlýsinga um æðri menntun sem Ísland er aðili að. Ísland er ekki einangrað fyrirbæri að þessu leyti. Vorið 2006 samþykkti Alþingi lög nr. 63/2006 um háskóla þar sem kveðið er á um þau skilyrði sem háskólar skuli uppfylla til þess að hljóta viðurkenningu sem slíkir. Í kjölfar laganna voru settar reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006 og sett fram viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi sem eru kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til þekkingar, hæfni og

getu nemenda við námslok. Þessi laga- og reglurammi er sú umgjörð sem háskólastarfsemi verður að lúta. Á undanförunum misserum hafa einstakir háskólar og fræðasvið þeirra verið metin af erlendum sérfræðingum, þar sem farið hefur verið yfir þær forsendur sem lög og reglur kveða á um, þ.e. hlutverk og markmið viðkomandi háskóla, stjórnskipan og skipulag, fyrirkomulag kennslu og rannsókna, hæfisskilyrði starfsmanna, inntökuskilyrði og skyldur nemenda, aðstöðu kennara og nemenda og þjónustu við þá, innra gæðakerfi, inntak náms og fjárhag.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að öll háskólastarfsemi á Íslandi grundvallist á þessum forsendum og viðmiðum um gæði. Það skiptir öllu máli gagnvart nemendum og einnig er það einkar mikilvægt í alþjóðlegu tilliti vegna trúverðugleika starfseminnar og sem forsenda samstarfs innanlands og utan.

Starfsemi Háskóla Íslands utan Reykjavíkur

Háskóli Íslands hefur allan síðasta áratug lagt áherslu á að auka starfsemi sína um allt land og í samningi skólans við menntamálaráðuneytið frá 11. janúar 2007 um kennslu og rannsóknir sem gildir til ársloka 2011 er sérstaklega um þetta fjallað. Ríkur vilji er innan Háskólans til samstarfs við heimamenn á hverjum stað og eins og sjá má á upptalningunni hér að neðan hefur mikið áunnist á undanförunum árum. Lögð er áhersla á nán tengsl setranna og starfsfólks þeirra við Háskólann og á samþættingu við aðra starfsemi Háskólans og þau tengslanet sem Háskólinn hefur við háskóla og rannsóknastofnanir úti um allan heim. Nú rekur Háskóli Íslands rannsókn- og fræðasetur víða um land og tekur auk þess þátt í setrum sem aðrir reka.

Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði var komið á fót á Selfossi árið 2000 samkvæmt sérstökkum samningi milli Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, Sveitarfélagsins Árborgar og Almannavarna ríkisins. Starfsemi Rannsóknarmiðstöðvarinnar skiptist í undirstöðurrannsóknir, þjónusturrannsóknir, þjálfun nemenda við rannsóknarstörf og uppbygging aðstöðu í tengslum við kennslu í verkfræði.

Á Laugarvatni rekur Kennaraháskóli Íslands nám í íþróttufræði sem frá 1. júlí 2008 fellur undir menntavísindasvið Háskóla Íslands. Eftir fyrsta námsárið geta nemendur valið milli tveggja námsleiða, B.Ed. og B.S. náms. B.Ed námið miðar að því að búa nemendur undir kennslu íþróttá á öllum skólastigum. B.S. námið miðar að því að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði heilsuræktar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun í heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra, við æskulýðsstörf og að félagsmálum hjá sveitarfélögum. Að grunnnámi loknu gefst kostur á meistaranámi til M.Ed. gráðu. Markmið meistaranámsins er að gefa þeim sem lokið hafa B.Ed. eða B.S. gráðu í íþróttufræði kost á að dýpka þekkingu sína á ákveðnu fræðasviði, og styrkja þá sem fagmenn og rannsakendur í starfi.

Nýstofnað **Háskólafélag Suðurlands** er að vinna að eflingu háskólamenntunar og rannsókna á Suðurlandi og er forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands í stjórn félagsins.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Háskólinn rekur nú átta rannsókn- og fræðasetur á landsbyggðinni undir merkjum Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og eru reknar í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á landsbyggðinni. Markmiðið er að styrkja byggðir landsins með aukinni menntun og rannsóknum, skapa aðstöðu til rannsókna á

landsbyggðinni, bæta aðgengi að menntun og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Setrin eru þessi:

Háskólasetrið á Hornafirði er rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðausturlandi stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á náttúruferjum, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum, erlendum jafnt sem innlendum, aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs. Háskólasetrið er til húsa í Nýheimum, mennta- og menningarsetri Hornfirðinga. Meginviðfangsefni Háskólasetursins hafa frá upphafi verið rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og starfsemi á friðlýstum svæðum. Þar eru einnig stundaðir rannsóknir á jöklum, loftlagsbreytingum, bókmenntum, listum og þjóðfræði. Viðamestu verkefni Háskólasetursins sem stendur lúta annars vegar að Vatnajökulspjóðgarði og hins vegar að flokkun og mati á íslensku landslagi. Í samvinnu við Skaftárhrepp og Kirkjubæjarstofu hefur nú starfssvæði setursins verið stækkað til að ná einnig yfir Skaftárhrepp.

Rannsókn- og fræðasetur í Vestmannaeyjum var stofnað 1994. Í því eru unnin fjölbreytt rannsóknaverkefni í samstarfi við atvinnulífið í Vestmannaeyjum og innlandar og erlendar rannsókn- og háskólastofnanir. Verkefni eru fjölbreytt, allt frá hagnýtum rannsóknum í tengslum við atvinnulífið í Eyjum til fræðilegra rannsókna á líffrikinu í og við Vestmannaeyjar. Einnig hefur setrið haft umsjón með ýmis konar kennsluverkefnum, t.d. í fjarnámi, staðbundnu námi og almennri fræðslu. Góð kennslu- og rannsóknáætlaða er í setrinu og aðgangur er að tveimur rannsóknabátum, Friðriki Jessyni 10 tonna Gáskabát og harðbotna Avon mótorbát. Í ársbyrjun 2008 var stofnað þekkingarsetur Vestmannaeyja sem Háskólinn tekur þátt í og nú er unnið að frekari eflingu rannsóknastarfs HÍ í Vestmannaeyjum.

Háskólasetrið í Hveragerði tók til starfa í júlí 2000. Helstu viðfangsefni þess eru á sviði hvera og hveralíffræði, vatnamengunar og vatnavistfræði og hagnýtrar örverufræði, auk sviða sem tengjast starfsemi, staðhættum eða aðstæðum á svæðinu. Í setrinu er m.a. bókasafn og rannsóknastofa sem geta nýst gestkomandi vísinda- og fræðimönnum. Fræðasetrið í Hveragerði er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Hveragerðisbæjar, Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Garðyrkjakóla ríkisins), Rannsóknastofnunarinnar Neðra-Ási, Sunnlenskrar orku, og Orkuveitu Reykjavíkur. Unnið er að því að breyta Háskólasetrinu í Hveragerði í Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi með starfsstöðvum að Reykjum, í Árborg og í Gunnarsholti. Áherslusvið nýja setursins verður landnýting í víðu samhengi. Samstarf er m.a. við Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins um þetta mál.

Háskólasetur Suðurnesja í Sandgerði sem var stofnað á árinu 2004 er vettvangur fyrir samstarf Háskóla Íslands við sveitarfélög á Suðurnesjum. Háskólasetrið hefur notið mikils stuðnings frá Sandgerðisbæ og er í sama húsi og Rannsóknastöðin í Sandgerði, Náttúrustofa Reykjaness og Fræðasetrið, sem er á vegum Sandgerðisbæjar. Háskólasetrið stundar einkum rannsóknir á sviði sjávarlíffræði, á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og verkefni tengd fisksjúkdómum. Setrið nýtur samstarfs og nálægðar við Rannsóknastöðina í Sandgerði sem er samvinnuverkefni Umhverfisráðuneytis, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sandgerðisbæjar og Háskóla Íslands, en meginverkefni Rannsóknastöðvarinnar hefur verið verkefnið Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE), sem hófst árið 1992.

Háskóla- og fræðasetur Snæfellsness í Stykkishólmi var stofnað snemma á árinu 2006. Setrið hefur aðsetur í Ráðhúsinu á sama stað og Náttúrustofa Vesturlands og er í góðu samstarfi við Náttúrustofuna. Stykkishólmsbær hefur veitt setrinu mikilvægan stuðning og afnot af íbúð til að hýsa gestafræðimenn. Áhersla er lögð á rannsóknir á sérstæðri og alþjóðlega mikilvægri náttúru Breiðafjarðar, Snæfellsness og norðanverðs Faxaflóa. Megináherslusvið setursins er rannsóknir á fuglum og þar eru starfandi tveir fuglavistfræðingar. Meðal rannsóknaverkefna eru: Rannsóknir á stofnstjórnun farfugla (styrktar af breska rannsóknaráðinu) og á æðarfugli, styrktar af Rannís, Framleiðnisjóði og Æðarræktarfélagi Íslands. Rannsóknir á kríum á Snæfellsnesi þar sem markmiðið er að kanna tengsl fæðu og orkubúskaps, en kría hentar vel til að greina tengsl fæðuframboðs og hæfnipáttá (varpárangurs og lífslíkna) hjá sjófuglum. Rannsókn á umferð vaðfugla um leirur á Vesturlandi í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands. Þá hefur setrið einnig komið að rannsóknum eða úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna á vistfræði brandandar, grágæsar, lunda, sandlóu og þúfuttillings. Í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands lét fræðasetrið vinna greinargerð um veiðar og ástand hörpuðisks í Breiðafirði. Þeirri vinnu er nú lokið en hún miðaði að því að taka saman það sem vitað er um ástæður hruns stofns hörpuðisks og forgangsráða mikilvægum rannsóknum.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum var stofnað árinu 2007. Setrið er staðsett í Bolungarvík og nýtur góðs samstarfs og samnýtingar á aðstöðu við Náttúrustofu Vestfjarða. Starfsstöð frá setrinu er í húsnæði Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði. Fyrsta heila starfsár setursins (2008) er gert ráð fyrir að auk forstöðumanns verði starfandi við setrið tveir sérfræðingar og 5-6 rannsóknanemendur. Megin viðfangsefni setursins verða á sviði náttúrufræði og ferðamála. Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknir á fjölbreyttu lífríki og ferðamennsku á strandsvæðum Vestfjarða, í góðu samstarfi við atvinnustarfsemi á svæðinu. Staðsetningin býður upp á fjölbreytt verkefni á þessu sviði, en meðal fyrstu verkefna setursins má nefna Þolmörk ferðamennsku við fuglabjörg, Stofnvistfræði sjófugla og Uppeldisstöðvar þorskseiða á Vestfjörðum.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi á Húsavík hóf starfsemi í október 2007. Það er staðsett hjá Þekkingarsetri Þingeyinga við hlið Náttúrustofu Norðausturlands. Áherslusvið setursins eru rannsóknir á sjávarspendýrum og lífríki sjávar. Samstarf er við Hvalasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarfyrtækið Norðursiglingu sem munu láta setrinu í té aðstöðu í landi og á bátum. Unnið er að undirbúningi rannsóknaverkefna m.a.: Rannsókn á heyrn og hljóðum frá hnýðingum í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og danska, japanska og bandaríska vísindamenn. Rannsóknir á fæðukeðju Skjálfaflóa í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og Sjávarrannsóknasetrið Vör á Ólafsvík. Rannsókn á hljóðum frá háhyrningum í kringum Vestmannaeyjar í samstarfi við vísindamenn frá Hawai. Rannsóknir á selum í samstarfi við Selasetrið á Hvammstanga.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi er staðsett á Egilsstöðum og var stofnað í ársbyrjun 2008 og starfar á sviði félagsvísinda. Meginviðfangsefni setursins verður samfélagsþróun í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Unnið verður að þverfræðilegum verkefnum á sviði atvinnu-, byggða- og velferðarmála. Í upphafi verður lögð áhersla á fræðilegar rannsóknir, úttektir og ráðgjöf varðandi svæðisbundnar forsendur þekkingarsamfélagsins og aðgerðir til að styrkja þróun þess. Fræðasetrið mun hafa aðsetur í Þekkingarsetrinu á Egilstöðum ehf. og starfa náið með Þekkingarneti Austurlands og öðrum stofnunum sem þar verða til húsa.

Þátttaka Háskóla Íslands í rannsóknasetrum.

Þessi setur eru rannsóknasetur á sama hátt og rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands, en eru í eigu annarra. Háskólinn kemur að þeim sem stofnaðili eða stendur að rekstri þeirra að hluta samkvæmt sérstökum samningi í hverju tilfalli.

Vör - Rannsóknarsetur um lífríki sjávar við Breiðafjörð var stofnað í maí 2006. VÖR er sjálfseignarstofnun og standa 22 fyrirtæki og stofnanir að setrinu. Meginmarkmið setursins er að rannsaka lífríki Breiðafjarðar með það að leiðarljósi að auka þekkingu á vistkerfinu og nýtingamöguleikum auðlinda svæðisins.

Hátæknisetur Íslands á Sauðárkróki. Setrinu er ætlað að efla samkeppnishæfni íslensks hátækniiðnaðar með auknum rannsóknum og aðgengi að fullkomnustu tækni til smíða og rannsókna á hverjum tíma. Hátæknisetur Íslands er sjálfseignarstofnun sem varð til á árinu 2006 með samstarfi Háskóla Íslands, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og ýmissa fyrirtækja og stofnana í Skagafirði.

Þekkingarsetur

Þessi setur eru sjálfseignarstofnanir sem menntamála- og iðnaðarráðuneyti styrkja og HÍ tekur þátt í. Setrin eru svæðisbundin og markmið þeirra er að efla rannsóknir og háskólamenntun á svæðunum einkum með því að efla samstarf þeirra sem slíkt stunda á svæðinu. Þau eru ekki rannsóknasetur eins og fræðasetrin.

- Háskóla­setur Vestfjarða
- Þekkingarnet Austurlands
- Þekkingarsetur Þingeyinga


Samstarf af ýmsu tagi

Ýmiss konar samstarf er við aðra starfsemi á landsbyggðinni. Oft á Háskóli Íslands aðild að stjórn stofnananna eða leggur til sérfræðiþekkingu samkvæmt samningi hverju sinni. Má þar t.d. nefna:

- Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
- Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri
- Jöklasýning á Höfn í Hornafirði
- Þórbergssetur á Hala
- Vesturfarasetur á Hofsósi
- Selasetur Íslands á Hvammstanga

Virðingarfyllst,

f.h. háskólarektors


Þórður Kristinsson
Sviðsstjóri kennslusviðs

Alþingi
Erindi nr. P 135/2137
komudagur 10.4.2008



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 7. apríl 2008
0803035 sk

Nefndarsvið Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögur

Kennaraháskóla Íslands hafa borist til umsagnar tvær þingsályktunartillögur um háskólasetur, annars vegar á Selfossi (343. mál) og hins vegar á Akranesi (344. mál). Umsögn þessi á við báðar þessar þingsályktunartillögur.

Kennaraháskóli Íslands tekur undir sjónarmið sem sett eru fram í greinargerðum með tillögum þessum um gildi menntunar og nauðsyn þess að bæta háskólamenntun og styrkja rannsóknir á Suðurlandi og Vesturlandi þar sem ekki hefur verið komið upp þekkingarsetrum líkt og annars staðar á landinu, t.d. á Norðurlandi, Austurlandi og á Ísafirði þar sem er háskólasetur. Hins vegar varar skólinn við því að þekkingarsetur séu bundin einu sveitarfélagi og telur heppilegra að þau hafi víðari skýrskotun, eins og hefur sýnt sig að vera heppilegt í starfsemi þekkingarnets Austurlands.

Fræðasetur af því tagi sem þegar hafa verið sett á fót hafa reynst mikilsverðir samstarfsaðilar, ekki síst fyrir Kennaraháskóla Íslands sem rekur öflugt fjarnám. Um þessar mundir eru rúmlega 60% nemenda skólans í fjarnámi. Um það bil helmingur fjarnema býr utan höfuðborgarsvæðisins og um þriðjungur staðnema. Nánari upplýsingar um búsetu nemenda Kennaraháskólans má finna í ársskýrslum skólans á slóðinni <http://www.khi.is/?q=skyrslur>. Skífuritinn sem þar er að finna sýna öflugt starf Kennaraháskóla Íslands um allt land.

Að lokum vekur Kennaraháskólinn athygli á því með sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands 1. júlí næstkomandi mun enn eflast starfsemi háskóla á Suðurlandi þar sem Kennaraháskólinn hefur um árabil staðið fyrir fjölbreyttu háskólastarfi á Laugarvatni. Þar fara fram á vegum Kennaraháskólans – sem verður menntavísindasvið Háskóla Íslands – bæði kennsla og rannsóknir í íþróttافرæðum, heilbrigðisvísindum og á skyldum fræðasviðum.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlö

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

Símbréf: 563 3833

www.khi.is